

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

231. FUNDUR.

231. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 24. febrúar 2014 kl. 17:00 í fundarsal Ráðhússins.

Oddviti setti fund.

Gengið var til dagskrár.

1. Umsókn um nýtingarrétt á heitu vatni að Reykjum í Hrútafirði.

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fela sveitarstjóra í samráði við starfsmenn framkvæmda- og umhverfissviðs að senda Orkustofnun umsókn um nýtingarrétt á heitu vatni í landi ríkisins á Reykjatanga í Hrútafirði. Umsóknin verði grundvölluð á framlagðri skýrslu ÍSOR um jarðhitasvæðið að Reykjum í Hrútafirði útgefinni í febrúar 2014 og eftir atvikum öðrum viðeigandi gögnum.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl.17:25

Leó Örn Þorleifsson.

Stefán Einar Böðvarsson.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Ragnar Smári Helgason..

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir.

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.